

<b>Fundarnúmer:</b>	88
<b>Dagsetning:</b>	21.10.2008
<b>Tími:</b>	13:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

Þriðjudaginn 21. október 2008 kl. 13:00 kom Landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 88. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa fjallskilastjórna.
2. Fjallskilareglugerð Húnaþings vestra.
3. Upplýsingar um refa- og minkaveiði.
4. Viðhald heiðagirðinga.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Til fundar með landbúnaðarráði eru mættir fulltrúar fjallskilastjórna Hrútfirðinga, Miðfirðinga, Vesturhóps og Víðdælinga, fulltrúi Vatnsnesinga mætti ekki. Fulltrúar fjallskilastjórna kynntu tillögur sínar varðandi fjárhagsáætlun ársins 2009. Erindum fjallskilastjórna vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
2. Landbúnaðarráð er sammála um að taka þurfi fjallskilareglugerð Húnaþings vestra til endurskoðunar. Samþykkt að fela stjórnnum fjallskiladeilda að yfirfara reglugerðina og gera tillögu til landbúnaðarráðs um breytingar ef þurfa þykir.
3. Lagðar fram til kynningar upplýsingar um refa- og minkaveiði í Húnaþingi vestra árin 2003-2008.
4. Farið yfir stöðuna á viðhaldi heiðagirðinga 2008.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:10.

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari(sign.),  
Agnar Jónsson(sign.), Örn Óli Andrésson(sign.),  
Þorsteinn B. Helgason(sign.), Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).